

## BMF-2017-15 Þvottaveldið

Verkefnið sem um ræðir er stofnun þvottahússins Þvottaveldið ehf. Megintilgangur fyrirtækisins er að veita gististöðum á sunnanverðum Austfjörðum þjónustu með leigu og þvotti á hágæða líni, þ.e. rúmfatnaði og handklæðum. Viðskiptavinir fá lín og handklæði send heim og jafnframt er óhreinn þvottur tekinn til baka. Sótt er um styrk vegna undirbúnings fyrirtækisins. Í umsókn kemur fram hvernig nota á styrkinn. Unnin hefur verið ítarleg viðskiptaáætlun . Verkefnið skapar atvinnu og veitir ferðaþjónustuaðilum þjónustu og getur leitt til heilsárs atvinnusköpunar.

Styrkur er veittur í styrkhæfa liði, það er gerð viðskiptaáætlunar, kaup á sérfræðiþjónustu, ferðakostnaði, starfsleyfi og lógói.

Verkefninu var úthlutað 900.000 kr. árið 2017.